

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	7.10.2016
Málsnr:	1608719
Bréfal:	521.1

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfjörður



Minjastofnun  
Íslands

Reykjavík, 3. október 2016  
Tilvísun: 2183 / 201609-0033

### Hverfisgata 52 b, Gerðið, Hafnarfirði – breytingar; kvistir og hækkun bílskúrs.

Í tölvupósti 12.9. 2016 leitar Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt f.h. Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands á breytingum á Hverfisgötu 52b, Hafnarfirði. Með fylgdu teikningar Albínu Thordarson, arkitekts dags. 18.08. 2016. Þann 22.10. 2016 sendi Albína Thordarson leiðrétta upprætti dags. 31.08. 2016.

Húsið Hverfisgata 52 b er einlyft timburhús, með portbyggðu risi, á hlöðnum steinkjallara, og ber einkenni byggingarstíls sveitserhúsa. Það er reist árið 1908 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr. Húsinu hefur verið breytt nokkuð frá upphaflegri gerð með viðbyggingu og kvisti við norðurhlíð. Sótt um leyfi til að stækka kvistinn og hækka bílskúr sem er áfastur viðbyggingunni.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að þær breytingar á húsinu sem nú er sótt um. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dýra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Deili- og sérteikningar af gluggum, hurðum og svölum skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar.*

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

  
Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Albína Thordarson, arkitekt ([albina@simnet.is](mailto:albina@simnet.is))

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt ([gunnthora@hafnarfiordur.is](mailto:gunnthora@hafnarfiordur.is))